

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 2002

29. janúar 2002

117

Nr. 68

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 350, 25. júní 1996,
um nýtingu afla og aukaafurða.**

1. gr.

Við 1. málsgrein bætist nýr málslíður er orðist svo: Þá er þeim aðilum sem stunda netaveiðar, aðrar en grásleppuveiðar skv. sérstöku leyfi Fiskistofu, skylt að sleppa allri grásleppu, sem lifandi er í netum þegar þau eru dregin.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. janúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

31. janúar 2002

Nr. 69

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 10. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 122/2000, hefur verið ákveðið kr. 2.250 á mánuði, að meðtöldum virðisaukaskatti, frá og með 1. febrúar 2002 og þar til öðruvísi verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytinu, 31. janúar 2002.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.